

Umhverfisstofnun
Áb. 0A
04 AUG. 2004
54.22
TIL UST20040700051

Hafnarfjarðarbær
Anna Margrét Tómasdóttir
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður



Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Laugavegur 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is


www.umhverfisstofnun.is

4. ágúst 2004

Tilvísun: UST20040700051/04

Breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015, færsla Krýsuvíkurvegar.

Umhverfisstofnun hefur borist erindi Hafnarfjarðarbæjar, dags. 8 júlí sl., þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015, vegna færslu Krýsuvíkurvegar. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við ofangreinda breytingu. Með færslu vegarins færist umferð fjær viðkvæmum viðtökum, s.s. íbúðarsvæðum austan vegar. Vegurinn mun þess í stað liggja nær iðnaðarsvæði vestan vegar en þar eru í gildi hærri viðmiðunargildi vegna hávaða frá umferð, sbr. reglugerð nr. 933/1999 um hávaða. Jafnframt ber að nefna að með færslunni mun vegstæðið færast nær röskuðum svæðum innan iðnaðarsvæðisins vestan vegar. Með því móti gefst betra tækifæri til að halda í öröskuð hraunasvæði austan hans, í jaðri íbúðarbyggðarinnar, en hraun á þessu svæði njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd og ber því að forðast að raska þeim svo sem kostur er.


Ólafur Arnason
Sérfræðingur

Virðingarfyllst,


Helgi Jónsson
Forstöðumaður

Afrit: Skipulagsstofnun